



## Fundargerð

**497. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps  
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,  
fimmtudaginn 19. október 2023, kl. 09:00.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 09.05

### Fundargerðir til staðfestingar

#### 1. 2310002F - Skipulagsnefnd - 188

- 1.1 2310001 - Hringvegur um Síðu, Fossálar-Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs-beiðni um umsögn

#### **Niðurstaða Skipulagsnefnd - 188**

Skipulagsnefnd hefur farið yfir gögn framkvæmdaraðila og telur að framlögð gögn fullnægi kröfum sem settar eru fram í 11 gr. í reglugerð 1381/2021 og gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina. Skipulagsnefnd leggur til að endanleg veglína verði unnin í samráði við landeigendur og sveitarfélagið.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.2 2310002 - Skipting lóðar í Hrífunesi

#### **Niðurstaða Skipulagsnefnd - 188**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breyting lóðanna verði samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.3 2310003 - Seglbúðir byggingarleyfisumsókn

#### **Niðurstaða Skipulagsnefnd - 188**

Skipulagsnefnd samþykkir að fyrirhuguð byggingaráform verði grenndarkynnt í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga en heimilt verði að stytta tímabil grenndarkynningar þar sem fyrir liggur samþykki nærliggjandi lóðarhafa.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.4 2310004 - Ytri Dalbær stofnun lóðar

#### **Niðurstaða Skipulagsnefnd - 188**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðar verði samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

BHS  
J.G.  
Sni.  
GPS  
Ahr



1.5 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 188**

Skipulagsnefnd leggur til að vinna við endurskoðun aðalskipulags verði eftir verklagi samkvæmt minnisblöðum Landmótunar dagsettum 25. september 2023 og 17. október 2023.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

2. 2310009 - Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla  
*Lögð fram fundargerð 141. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, frá 9. október 2023 ásamt ársreikningum ársins 2022.*  
**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn tók sérstaklega til afgreiðslu ársreikning, Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Sveitarstjórn þakkar rekstrarnefnd og hjúkrunarforstjóra fyrir vel unnin störf á árinu 2022. Sveitarstjórn staðfestir ársreikning ársins 2022 með undirskrift sinni.**
3. 2310006 - Almannaþingarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu  
*Lögð fram fundargerð Almannaþingarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, frá 6. september 2023. Dagskrárlíður 4.1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.*  
**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti að að framlag til almannaþinga verði kr. 350 á hvern íbúa fyrir árið 2024.**

**Fundargerðir til kynningar**

4. 2310011 - Menningarmálanefnd  
*Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar Skaftárhrepps, frá 21. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
5. 2310012 - Menningarmálanefnd  
*Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar Skaftárhrepps, frá 27. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
6. 2310013 - Menningarmálanefnd  
*Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar Skaftárhrepps, frá 2. október 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**

BHS  
JG  
Shi.  
GPS  
M



7. 2310020 - Katla jarðvangur ses  
*Lögð fram fundargerð 70. stjórnarfundar Kötlu jarðvangs, frá 27. júní 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
8. 2310021 - Katla jarðvangur ses  
*Lögð fram fundargerð 71. stjórnarfundar Kötlu jarðvangs, frá 5. júlí 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
9. 2310022 - Katla jarðvangur ses  
*Lögð fram fundargerð 72. stjórnarfundar Kötlu jarðvangs, frá 5. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
10. 2310010 - Hula bs.  
*Lögð fram fundargerð stjórnarfundar Hulu bs., frá 11. september 2023, ásamt ársreikningi ársins 2022.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
11. 2310014 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 598. fundar stjórnar SASS, frá 17. ágúst 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
12. 2310015 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 599. fundar stjórnar SASS, frá 1. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
13. 2310016 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 598. fundar stjórnar SASS, frá 18. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
14. 2310017 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands  
*Lögð fram fundargerð 230. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 11. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
  
15. 2310018 - Bergrísinn bs.  
*Lögð fram fundargerð 62. stjórnarfundar Bergrísans bs., frá 28. ágúst 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**



16. 2310019 - Bergrisinn bs.  
*Lögð fram fundargerð 63. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 18. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
17. 2310023 - Samtök orkusveitarfélaga  
*Lögð fram fundargerð 66. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 5. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**
18. 2310024 - Samtök orkusveitarfélaga  
*Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 19. september 2023.*  
**Lagt fram til kynningar.**

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

19. 2310030 - Ákvörðun um útsvarshlutfall 2024  
*Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024 útsvarshlutfall*  
**Sveitarstjóri lagði fram ákvörðun um útsvarshlutfall. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarshlutfall verði 14,74%, sem lagður verður á tekjur manna á árinu 2024 skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.**
20. 2310031 - Ákvörðun um fasteignaskatt 2024  
*Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024 fasteignaskattur*  
**Fyrir fundinum liggur, ákvörðun um fasteignaskatt fyrir árið 2024, svo sem fasteignaskattsprósentur, fjölda gjalddaga ofl.**  
**Sveitarstjóri lagði fram ákvörðun um fasteignaskatt vegna ársins 2024. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi:**  
**Fasteignaskattsprósentur gilda fyrir árið 2024:**  
**A flokkur: 0,625%**  
**B flokkur: 1,32%**  
**C flokkur: 1,65%**  
**Holræsagjald: 0,25% af fasteignamati húss- og lóðar í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.**  
**Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2024 eru eftirfarandi:**  
**Fasteignagjöld undir 30.000- kr. gjalddagi 1. febrúar. Fasteignagjöld að upphæð 30.001 til 150.000 kr. gjalddagar 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní og 1. júlí. Fasteignagjöld 150.001 kr. og hærrí, gjalddagar 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september. Eindagar fasteignagjalda eru 30 dögum eftir gjalddaga.**



21. 2310032 - Reglur um afslátt af fasteignagjöldum  
*Lagðar fram reglur um afslátt af fasteignagjöldum 2024.*  
Fyrir fundinum liggja, reglur um afslátt af fasteignagjöldum á árinu 2024.

Sveitarstjóri lagði fram reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2024.  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi reglur.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 90.300 á árinu 2024. Afsláttur er reiknaður til bráðabirgða við upphafsálagningu og er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2022. Hámarks afsláttarupphæð við upphafsálagningu er 45.150 kr. Þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2023 verður afsláttur endurskoðaður og leiðréttur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

a) með tekjur allt að 4.288.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir 5.782.000 kr. enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

a) með tekjur allt að 5.580.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir 7.556.000 kr. enginn afsláttur.

22. 2310029 - Hámarkshraði í þéttbýli  
*Lögð fram tillaga um hámarkshraða í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.*

Sveitarstjóri lagði fram tillögu um hámarkshraða í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri. Hámarkshraði verður 30 km. nema á Klausturvegi verður 50 km. Jafnframt þarf að huga að öruggu aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda að skóla- og íþróttamannvirkjum. Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu.

23. 2310007 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 25. september 2023, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Country Home in Nature. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C Minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Mörtunga 1.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

24. 2310008 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 18. september 2023, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Fossar Villa. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C Minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Fossar 1.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.



25. 2310025 - Stígamót  
*Lagt fram bréf, frá Stígamótum, dagsett 30. ágúst 2023. Beiðni um framlag frá Skaftárhreppi til starfsemi Stígamóta árið 2024.*  
**Sveitarstjórn vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.**
26. 2310026 - Innviðaráðuneytið  
*Lagt fram bréf frá skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, Innviðaráðuneytisins, dagsett, 29. september 2023. Með erindinu eru sveitarfélög hvött til að vinna þjónustustefnu fyrir sveitarfélagið.*  
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að unnin verði þjónustustefna fyrir sveitarfélagið.**

#### Mál til kynningar

27. 2310005 - Rangárþing eystra  
*Lagt fram bréf, frá Rangárþingi eystra, dagsett, 19. september 2023, vegna úrsagnar Rangárþings eystra úr Hluu bs.*  
**Lagt fram til kynningar.**
28. 2310027 - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
*Lagt fram bréf, frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dagsett 26. september 2023, vegna innviði fyrir orkuskipti.*  
**Lagt fram til kynningar.**
29. 2310028 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
*Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 12. október 2023, vegna breytinga á starfsemi heilbrigðiseftirlits og færslu málaflokksins til Matvælastofnunar.*  
**Lagt fram til kynningar.**
30. 2310033 - Ríkislögreglustjóri  
*Lagt fram bréf, frá Ríkislögreglustjóra, dagsett 5. október 2023, vegna könnunar á stöðu sveitarfélagsins til að gera hættumat og viðbragðsáætlun.*  
**Lagt fram til kynningar.**

#### Skýrsla sveitarstjóra

31. 2310035 - Fundur 497  
*Sveitarstjóri gerir grein fyrir störfum sínum.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum.**



Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 13.05

Jóhannas Gissurason  
Jóhannes Gissurason

Björn Helgi Snorrason  
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigurðsson  
Gunnar Pétur Sigurðsson

Auður Guðbjörnsdóttir  
Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson  
Sveinn Hreiðar Jensson